

Sp.

960. Nefndarálit

[91. mál]

um till. til pál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknaráðs ríkisins, sjávarútvegsráðuneytis, Landsambands stangveiðifélaga og Hafrannsóknastofnunar. Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um tillöguna. Gardar Sigurðsson skilaði séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og benti í því sambandi á eftirfarandi:

1. Í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins segir m. a.:

„Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er nú unnið að úttekt á stöðu og framtíðarhorfum í eldi sjávar- og vatnadýra og annarra lífvera í sjó og vatni. Í athugun þessari er m. a. unnið að hliðstæðri upplýsingaöflun og óskað er eftir í umræddri þingsályktunartillögu (4., 5. og 6. liður). Tilgangur athugunarinnar er m. a. að gefa stjórnvöldum betri innsýn í möguleika þessa atvinnusviðs og leggja grundvöll að stefnumótun varðandi rannsóknir og aðgerðir til stuðnings þessu atvinnusviði.“

2. Í umsögn sjávarútvegsráðuneytis um tillöguna segir m. a.:

„Í júnímánuði s. l. hóf sjávarútvegsráðuneytið undirbúning að skipun nefndar til að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi í sjó sem síðan yrði lagt fram á Alþingi sem frumvarp til laga. Starf nefndarinnar átti einnig að ná til tillögugerðar um stjórnsýslulega yfirstjórn fiskeldismála, leyfisveitingar til fiskeldis í sjó, fjármögnun framkvæmda á þessu sviði og könnunar á hvaða fisktegundir væru heppilegastar til eldis miðað við markaðsmöguleika og arðsemi. Strax við undirbúning nefndarstarfsins kom í ljós að starfandi var nefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins sem skipuð var haustið 1982 og var sú nefnd að vinna að sömu hlutum og fyrirhuguð nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins átti að vinna að. Það var því skoðun sjávarútvegsráðuneytisins að rétt væri að bíða með nefndarstarfið þar til niðurstaða af nefndarstarfi Rannsóknaráðs ríkisins lægi fyrir. Þeir sem tilnefndir höfðu verið í nefnd sjávarútvegsráðuneytisins þegar nefndarstarfinu var frestað voru frá sjávarútvegsráðuneytinu Finnur Ingólfsson, frá Fiskifélagi Íslands Ingimar Jóhannsson og frá Hafrannsóknastofnun Björn Björnsson. Eftir þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá ritara nefndar Rannsóknaráðs, Úlfari Antonssyni, mun nefndarálit þeirrar nefndar verða tilbúið innan fárra vikna.“

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umsagnar eru tilteknir sex þættir sem fyrstu aðgerðir á sviði fiskeldis og rannsókna á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra. Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytið hefur frá Úlfari Antonssyni, verður í nefndaráliti nefndar Rannsóknaráðs svar við flestum ef ekki öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í þingsályktunartillögunni.

Það er ætlun sjávarútvegsráðuneytisins að um leið og álit nefndar Rannsóknaráðs ríkisins liggur fyrir hefji nefnd sjávarútvegsráðuneytisins störf og með þau markmið að leiðarljósi sem fyrr eru nefnd.“

3. Þá má minna á að 20. apríl 1982 var svofelld tillaga til þingsályktunar samþykkt á Alþingi:

„Þingsályktun um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.